

**Ed.**

**189. Tillaga**

til þingsályktunar um frestun á framkvæmd laga nr. 57 frá 19. júní 1933, um heilbrigðisráðstafanir um sölu mjólkur og rjóma.

Flutningsm.: Bjarni Snæbjörnsson.

Alþingi ályktar að fresta framkvæmd laga nr. 57 frá 19. júní 1933, um heilbrigðisráðstafanir um sölu mjólkur og rjóma, þar til þeir kaupstaðir, sem heyra undir þessi lög, hafa skipulagt mjólkursölu hjá sér og grundvallað þær heilbrigðisráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, á sem hagkvæmastan hátt fyrir neytendur og framleiðendur, enda hafi þeir reglugerð þar að lútandi tilbúna fyrir næsta reglulegt Alþingi.